

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2012

**Efni: Fyrirspurn um áhrif frumvarps til laga um stjórn fiskveiða (657. mál) og frumvarps til laga um veiðigjöld (658. mál) á efnahag Landsbankans hf. – síðara bréf.**

## Inngangur

Með bréfi, dags. 24. apríl sl., svaraði Landsbankinn fyrirspurn frá formanni efnahags- og viðskiptanefndar um áhrif samþykktar frumvarps til laga um stjórn fiskveiða (657. mál) og frumvarps til laga um veiðigjöld (658. mál) á efnahag Landsbankans. Með bréfinu fylgdu umsagnir bankans um ofangreind frumvörp.

Fulltrúar Landsbankans gerðu frekari grein fyrir málinu á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd þann 25. apríl sl. Meðal þess sem fram kom af hálfu fulltrúa bankans á fundinum voru skýringar á þeim útreikningsforsendum og aðferðum sem matið byggði á.

Þann 30. apríl sl. barst Landsbankanum tölvupóstur frá formanni efnahags- og viðskiptanefndar þar sem óskað var eftir frekar upplýsingum um tiltekin atriði. Spurningar formannsins og svör bankans fara hér á eftir.

### **1. Hafði bannákvæði 4. mgr. 12. gr. frumvarps til laga um stjórn fiskveiða áhrif á mat bankans á afskriftarþörf að fjárhæð 31 ma. kr. af bókfærðu virði lána?**

Við mat Landsbankans á áhrifum frumvarpanna tveggja á afskriftarþörf bankans var ekki tekið tillit til framsalsbannsins. Einungis var horft til næstu 20 ára. Ekki voru reiknuð sérstaklega áhrif á ný lán á tímabilinu en ljóst er að bann við framsali takmarkar getu bankans til að veita ný lán. Sú takmörkun vex eftir því sem líður á tímabilið fram að 2032.

Þótt tap bankans sé metið óháð áhrifum framsalsbannsins er ljóst að neikvæð áhrif þess til lengri tíma litið verða án efa töluverð bæði fyrir bankann og í þjóðhagslegu tilliti. Heimild til framsals tryggir m.a. mjög mikilvægan grundvöll fyrir áframhaldandi hagræðingu í greininni sem felst í því að hagkvæmari útgerðir geti leyst óhagkvæmari útgerðir af hólmi. Heimild til framsals er einnig grundvallarforsenda þess að fjármálafyrirtæki geti veitt lán til fjárfestinga með veði í skipi sem býr yfir aflaheimildum. Með því móti eykst nettó þjóðhagslegur ábati af íslenskum sjávarútvegi yfir tíma að öðru óbreyttu. Með banni við framsali verður þjóðarhagur því minni en ella. Bein áhrif af framsalsbanni á bankann verða einfaldlega þau að hann mun



þurfa að draga verulega úr lánveitingum sínum til greinarinnar þar sem virði trygginga í skipum mun stórlækka.

Að öðru leyti vísar Landsbankinn til umsagnar sinnar um frumvarpið til laga um stjórn fiskveiða, liðar 2.3:

*„Forsenda fjármálafyrirtækis fyrir fjármögnun í útgerð er alla jafna sú að hægt sé að leita fullnustu í veðsettu skipi og fá framselda með skipinu aflahlutdeild sem ráðstafað hefur verið til skipsins. Ekki virðast vera forsendur fyrir slíkri fullnustu eftir 2031. Þá virðist ljóst að verðmæti þeirra veðtrygginga sem felast í þeirri aflahlutdeild sem ráðstafað hefur verið til veðsettra skipa myndi lækka um leið og frumvarpið yrði samþykkt. Verðmætið myndi síðan rýrna ár frá ári eftir því sem styttest myndi í gildistíma tryggingarinnar og hverfa með öllu árið 2032. Þetta myndi skerða verulega möguleika útgerða til fjármögnunar gegn veði í skipum. Þá er líklegt að brottfall framsalsheimildarinnar myndi hafa neikvæð áhrif á tryggingastöðu þeirra fjármálafyrirtækja sem lánað hafa til útgerðar og jafnframt gera þeim erfiðara fyrir að veita slíka fjármögnun áfram.“*

**2. Sé svarið við framangreindri spurningu jákvætt hvaða breytingar yrðu á afskriftaþörfinni ef bannákvæðið yrði felld brott úr frumvarpinu og það samþykkt svo breytt? Hvaða áhrif það hefði á fjölda þeirra fyrirtækja sem bankinn telur að ráði ekki við gjaldtökuna?**

Ekki er þörf á að svara þessari spurningu í ljósi svara bankans við spurningu nr. 1.

**3. Hver yrðu áhrif þess ef þorskaflí yrði 20.000 tonnum meiri en á yfirstandandi fiskveiðiári?**

Í mati sínu á áhrifum frumvarpsins um veiðileyfagjald á afskriftir bankans byggði bankinn á rauntölum um rekstur 124 fyrirtækja á árinu 2010 en 2010 var sögulega séð gott rekstrarár. Landsbankinn telur óvarlegt að meta töluleg áhrif umræddrar aukningar á þorskkvóta miðað við þær forsendur sem notaðar voru í matinu. Ef breyta á einni rekstrarforsendu í því mati þarf að endurmeta allar aðrar forsendur.

**4. Hver yrðu áhrif þess ef miðað yrði við veginn fjármagnskostnað 9% af veiðum og 11% af vinnslu í stað 8% og 10%?**

Sé veginn fjármagnskostnaður hækkaður í 9% fyrir veiðar og 11% fyrir vinnslu myndi rentan lækka. Veiðigjald á þorskígildis.kg. myndi þá lækka skv. mati bankans úr 50 kr./þíg. í 45 kr./þíg. fyrir bolfiskkvóta og úr 78 kr./þíg. í 71 kr./þíg. fyrir uppsjávarkvóta. Áætlað er að afskriftir bankans, að öllu öðru óbreyttu, myndi lækka úr 31 ma.kr. niður í 28 ma.kr.



**5. Hver yrðu áhrif þess ef stofn til útreiknings á árgreiðslu yrði 100 milljörðum hærri en núverandi forsendur?**

Landsbankinn telur þessa spurningu og forsendur hennar, þ.m.t. varðandi skiptingu stofnsins, óljósar og kýs því að svara henni ekki. Almennt má þó segja að hækkun stofnsins myndi virka til lækkunar á afskriftum bankans.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landsbankans hf.

Steinþór Pálsson  
bankastjóri